

196 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 22 apríl kl.10.00 á skrifstofu SSV að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Ragnar Sæmundsson, Einar Brandsson, Pétur Davíðsson, Guðveig Eyglóardóttir, Ingibjörg Þ. Steinudóttir, Jakob B. Jakobsson og Sigurbjörg Ottesen. Á Teams voru Júníana Óttarsdóttir og Elín Ósk Gunnarsdóttir. Bjarney Bjarnadóttir sat fundinn í forföllum Sigurðar Guðmundssonar. Jósef Kjartansson boðaði forföll og varamaður hans hafði ekki tök á því að sitja fundinn. Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV sat fundinn og ritaði fundargerð.

Ragnar Sæmundsson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

Dagskrá

1. Fundargerð frá 195 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 195 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina

2. Fundargerð aðalfundar SSV 2026

Framlögð fundargerð frá aðalfundi SSV sem fór fram 25 mars s.l. Stjórn staðfesti fundargerð aðalfundar

3. Aukaaðalfundur SSV 2026

Framlögð tillaga að dagsetningu fyrir auka aðalfund SSV, en á fundinum verður kosin ný stjórn fyrir SSV. Stjórn samþykkti að fundurinn fari fram í Borgarnesi miðvikudaginn 1 júlí n.k. Framkvæmdastjóra falið að vinna tillögu að skipan kjörnefndar og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.

4. Haustþing SSV

Lögð fram tillaga að dagsetningu og þema fyrir Haustþing SSV 2026. Stjórn samþykkti að Haustþing SSV 2026 verði haldið dagana 14 og 15 október. Þema þingsins verða velferðarmál. Staðsetning kynnt á næsta fundi stjórnar. Jakob B. Jakobsson mætti á fundinn.

5. Bjarnarbraut 8

Á fundinn mætti Sigursteinn Sigurðsson og fór yfir sviðsmyndir varðandi húsnæðismál SSV. Stjórn samþykkti að fela starfsmönnum að útfæra tvær sviðsmyndir um breytingar á rými SSV á Bjarnarbraut 8 frekar.

6. Línustæði, eignarréttur og endurgjald

Rætt um íbúafund í Borgarnesi 20.04 2026 þar sem Torfi Jóhannesson ráðgjafi kynnt skýrslu sína um Línulagnir, eignarrétt og endurgjald. Fundurinn var vel sóttir og ljóst að skýrsla Torfa hefur vakið athygli. Stjórn samþykkti að óska eftir því við Torfa að uppfæra skýrsluna og bæta við umfjöllun um ábendingar sem komið hafa frá stjórnnum SSV og SSNV í kjölfar íbúafunda.

7. Verkefni á Vesturlandi sem hafa hlotið stuðning úr Byggðaáætlun á árunum 2022-2026

Framkvæmdastjóri kynnti yfirlit yfir verkefni á Vesturlandi sem hlotið hafa styrk úr Byggðaáætlun á árunum 2022 til 2026. Samantektin var lögð fram í tengslum við kynningarfund Innviðaráðuneytis og Byggðastofnunar um drög að endurskoðaðri byggðaáætlun. Guðveig Eyglóardóttir mætti á fundinn.

8. Almannaðarnir

Lagt fram minnisblað um almannaðarnir á Vesturlandi. Í minnisblaðinu var lagt til að stjórn SSV samþykki að leggja almannaðarnefnd Vesturlands til ritara sem vinni með formanni að undirbúningi og eftirfylgni ákvarðana. Stjórn samþykkti tillöguna, auk þess að ræða frekar um aðkomu sveitarfélaganna að rekstri nefndarinnar á aukaaðalfundi.

9. Önnur mál

Formaður leitaði afbrigða og óskaði eftir heimild stjórnar til þess að kynna tvö mál sem framkvæmdastjóri hefur unnið að undanfarið.

- a. Erindi Dalabyggðar um samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi. Sveitarstjóri Dalabyggðar hefur fylgd eftir bókun sveitarstjórnar um að skoðaðir verði möguleikar á auknu samstarfi sveitarfélaga á Vesturlandi í ákveðnum málaflokkum og verkefnum. Samtöl hafa átt sér stað við formann og framkvæmdastjóra vegna þessa. Stjórn samþykkti að erindið verði tekið upp að nýju í kjölfar sveitarstjórnarkosninga.
- b. Framkvæmdastjóri greindi frá aðkomu SSV að vinnu við stofnun þekkingarnets Breiðafjarðar, sem var ein þeirra áherslna sem kom út úr vinnu við s.k Breiðafjarðarverkefni sem lauk árið 2024. Verkefnið byggir á grunni vinnu Stykkishólmsbæjar varðandi stofnun þekkingarseturs og hefur Stykkishólmsbær leitt þessa vinnu gagnvart ráðuneyti menningar, nýsköpunar og háskóla. Vonir eru bundnar við að verkefnið geti orðið að veruleika á þessu ári.

10. Ungmennráð Vesturlands

Sameiginlegur fundur Ungmennaráðs Vesturlands og stjórnar SSV. Á fundinn mættu frá Ungmennaráði; Veronika Jara Heimisdóttir Hvalfjarðarsveit, Hrefna Jónsdóttir Snæfellsbæ, Heiðrún Edda Pálsdóttir Stykkishólmi og Eydís Glóð Drífu Guðlaugsdóttir

Akranesi. Auk þeirra sátu fundinn Bára Daðadóttir farsældarfulltrúi og starfsmaður ungmennráðs Vesturlands, Anna Guðrún Alexandersdóttir starfsmaður Hvalfjarðarsveitar, Halldóra Unnarsdóttir starfsmaður Snæfellsbæjar og Linda Guðmundsstjóri verkefnisstjóri DalaAuðs.

Á fundinum kynnti Ungmennaráð helstu áherslur þeirra varðandi ýmis málefni. Fram kom að ungmenni leggja mikla áherslu á;

- a. Eflingu almenningssamgangna á milli sveitarfélaga og innan þeirra,
- b. Að leitað verði allra leiða til þess að styðja við þátttöku barna úr dreifbýli í ýmis konar íþróttum og tómstundum t.d. með tómstundaakstri.
- c. Að starfsemi félagsmiðstöðva verði efld og stofnuð verði ungmennahús sem víðast á Vesturlandi, en í dag er aðeins starfrækt ungmennahús á Akranesi.
- d. Mikill áhugi á auknu samstarfi ungmenna og samskiptum þeirra á milli varðandi ýmis mál.
- e. Einnig var rætt um húsnæðismál ungs fólks, mikilvægi þess að framboð sé af litlu og ódýru leiguhúsnæði sem er að taka sín fyrstu skref á fasteignamarkaði.

Linda Guðmundsdóttir verkefnisstjóri kynnti verkefnið Hver vegur að heiman er vegurinn heim sem er samstarfsverkefni Dalabyggðar og SSV um hvernig við getum styrkt rætur unga fólksins við heimabyggðina og stuðlað að því að þau flytji aftur heim að námi loknu. Líflegar umræður urðu um hvernig sveitarfélögin, með því að auka aðdráttarafl sitt geti laðað unga fólkið heim aftur og hvaða þættir skipti mestu máli.

Fundi slitið kl.13.02